

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. júní 2023

Mál nr. S-2309/2022:

Lögrelustjórinn á Suðurnesjum

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Björk Þóru Grétarsdóttur (áður Þóra Björk Unnarsdóttir)

(*Eva Hauksdóttir lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., höfðaði lögrelustjórinn á Suðurnesjum með ákæru 21. nóvember 2022 á hendur ákærðu, Þóru Björk Unnarsdóttur, nú Björk Þóra Grétarsdóttir, kt. 000000-0000, [...]:

„fyrir fyrir hegningarlagabrot; umsáturseinelti og eignaspjöll, en til vara hótanir og hatursorðræðu, sem og brot gegn lögregluglögum, sem hér segir:

A.

Fyrir umsáturseinelti gagnvart A, kt. 000000-0000 og B, kt. 000000-0000, með því að hafa, á tímabilinu 14. apríl 2022 til 6. september 2022, endurtekið hótad, fylgst með, sett sig í samband við og setið um A og B, fyrir utan heimili þeirra að [...] í [...], gegn þeirra vilja, auk þess að hafa hrellt þær og niðurlægt með öðrum hætti, allt eins og hér nánar greinir:

A.I.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, ítrekað komið fótgangandi að heimili A og B og ýmist skyggst inn í bifreið þeirra [...], sem þar stóð fyrir utan, lýst inn í bifreiðina, tekið mynd af bifreiðinni og inn í bifreiðina, sett hátalara ofan á bifreiðina, tekið mynd af heimili þeirra, gengið að útidyráhurðinni, tekið í hurðarhún, barið á hurð og glugga, tekið mynd af dyrabjöllunni og bæði sest niður og lagst í innkeyrsluna og fyrir framan bifreið þeirra.

A.II.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, ítrekað sett hundaskít í poka á bifreið A og B, sem og ofan á ruslatunnu fyrir utan heimili þeirra.

A.III.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, ítrekað hótað A og B lífláti, bæði með orðum og eins með látbragði er beint var að þeim, nánar tiltekið er ákærða dró vísifingur yfir háls sinn.

A.IV.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, hótað að drepa hunda A og B.

A.V.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, ítrekað sagt A og B að drepa sig.

A.VI.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, ítrekað öskrað á A og B, gefið þeim fingurinn og viðhaft meiðandi ummæli í þeirra garð, m.a. kallað þær „*tussur*“, „*lessur*“ og „*ógeðslegar lesbíur*“.

A.VII.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, í eitt skipti sagt við A og B að hún ætlaði að gista í garðinum þeirra.

A.VIII.

Með því að hafa, á fyrrgreindu tímabili, í eitt skipti, er móðir A, C, kt. 000000-0000, kom akandi að heimili A og B, reynt að komast inn í bifreið hennar og sagt henni að drepa sig.

A.IX.

Með því að hafa, laugardaginn 2. júlí 2022, er móðir A kom út úr bifreið sinni fyrir utan heimili A og B, öskrað á hana, kallað hana „*helvítis tík*“ og er móðir A hljóp inn í íbúðina og læsti á eftir sér, komið á eftir henni og reynt að komast inn.

A.X.

Með því að hafa, laugardaginn 2. júlí 2022, er lögregla hafði afskipti af ákærðu vegna margítrekaðs áreitis hennar í garð A og B skv. liðum A.I. – A.IX., ítrekað sagt við lögreglumenn að hún vildi „*drepa hana*“ og „*kála henni*“, auk þess að hafa sagt lögreglumönnum að hún hafi skömmu áður „*sagst ætla að drepa hana*“, en ákærða átti þar við A.

A.XI.

Með því að hafa, miðvikudaginn 3. ágúst 2022, gengið að bifreið A og B, sem stóð fyrir utan heimili þeirra og málað á götuna, með stórum stöfum og með hvíttri málningu, orðin: „*SNÍPUR*“ og „*ATH!! DÆS*“.

A.XII.

Með því að hafa, fimmtudaginn 4. ágúst 2022, gengið að heimili A og B og sett inn um bréfalúgu þeirra handskrifaðan miða sem á stóð: „*MUN ALDREI VILJA RÍÐA ÞÉR*“.

Var framangreind háttsemi ákærðu í ákærulið A., sbr. undirliði A.I. – A.XII., til þess fallin að valda A og B hræðslu og kvíða.

Telst framangreind háttsemi ákærðu í ákærulið A., sbr. undirliði A.I. – A.XII., í heild sinni varða við 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst háttsemi ákærða samkvæmt undirliðum A.III., A.IV. og A.X. varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst háttsemi ákærða samkvæmt undirliðum A.VI og A.XI. varða við 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Fyrir eignaspjöll, með því að hafa, laugardaginn 2. júlí 2022, fyrir utan [...], valdið skemmdum á bifreið [...], í eigu A, kt. 000000-0000, með því að nudda sér upp við bifreiðina og lemja í hliðarspegil hennar, með þeim afleiðingum m.a. að hlið bifreiðarinnar farþegamegin rispaðist, en skemmdir á bifreiðinni námu fjárhæð allt að 169.051 krónum.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

C.

Fyrir að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu, með því að hafa, laugardaginn 2. júlí 2022, neitað að hlýða fyrirmælum lögreglumanna um að koma óvopnuð út af heimili sínu að [...], en ákærða hafði tjáð lögreglumönnum að ef hurðin yrði opnuð þá myndi hún koma á móti lögreglu með hníf.

Telst háttsemi þessi varða við 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við þingfestingu málsins 11. janúar 2023 var lögð fram framhaldsákæra á hendur ákærðu vegna einkaréttarkrafna:

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.000.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafan er kynnt ákærða en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr.

9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.200.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafan er kynnt ákærða en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu en til vara að hún verði dæmd til vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Ákærða krefst þess að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara krefst hún sýknu en til þrautavara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda samkvæmt málskostnaðarreikningi. Ákærða breytti nafni sínu eftir að málið

Við aðalmeðferð málsins var bótakrafa A, lækkuð í 1.169.051 krónur, þ.e. miskabætur 1.000.000 krónur og skaðabætur vegna tjóns á bifreið 169.051 króna.

I.

Málavextir

Ákærðu er í A. kafla ákæru gefið að sök umsáturseinelti gagnvart brotaþolum A og B á tímabilinu 14. apríl 2022 til 6. september 2022. Til grundvallar er lögreglurannsókn nr. [...] sem hófst 2. júlí 2022 og varðar einnig ákærukafla B. og C. Brotaþoli A hafði áður tilkynnt lögreglu um hegðun ákærðu, fyrst þann 14. apríl 2022 en meint áreiti ákærðu hafði þó byrjað fyrr. Skráðar voru nokkrar tilkynningar brotaþola um meint áreiti ákærðu fram til 6. september 2022. Nágranni brotaþola, vitnið D, tilkynnti um meint áreiti ákærðu þann 3. ágúst 2022.

Í upplýsingaskýrslu málsins frá 26. ágúst 2022 er eftirfarandi samantekt á tilkynningum vegna meintrar háttsemi ákærðu gagnvart brotaþolum. Verður í lokin gerð grein fyrir tilkynningum og skýrslum vegna atvika 2. júlí en atvik þann dag leiddu til ákæruliða A.IX og A.X. auk B. og C. liða ákæru.

Þann 14. apríl kl. 16:30 hafi brotaþoli A tilkynnt að ákærða væri að banka stanslaust og hafi sest niður í innkeyrslunni. Lögreglumenn hafi farið á vettvang og rætt við ákærðu sem hafi verið sögð í annarlegu ástandi, æst og talað samhengislaust. Ákærðu

hafi verið gefin fyrirmæli um að hætta að ónáða nágranna sína og hafi samþykkt að fara heim til sín. Lögregla hafi rætt við brotþola A sem hafi sagt að ákærða hafi reiðst eftir að brotþoli hafi beðið ákærðu um að taka upp saur eftir hund ákærðu. Ákærða hafi farið að berja á hurðir og glugga og að lokum lagst niður í innkeyrsluna hjá brotþola. Bókað var inn í málið þann 15. apríl kl. 16:30 að brotþoli A hafi hringt aftur og sagt ákærðu vera fyrir utan með ljót handbrögð og látið öllum illum látum. Ekki hafi verið bókað hvort lögreglumenn hafi farið á vettvang eða ekki.

Þann 17. júlí 2022 kl. 00:52 hafi brotþoli A tilkynnt að ákærða væri að kíkja inn í bifreið og taka myndir inn í hús brotþola. Lögreglumenn hafi farið og rætt við ákærðu, sem hafi lítið viljað ræða við og hún beðin um að hætta að reyna að opna bifreiðar og taka myndir inn um rúður hjá fólki. Ekkert hafi verið aðhafst frekar.

Þann 3. ágúst 2022 kl. 23:53 hafi brotþoli A óskað eftir aðstoð lögreglu vegna hegðunar ákærðu. Lögreglumenn hafi rætt við brotþola á staðnum sem hafi tjáð þeim að ákærða væri að ofsækja hana og kærustu hennar því þær væru samkynhneigðar. Ákærða hafi öskrað á þær fyrir utan og farið burt. Brotþoli sagðist hafa séð út um gluggann að ákærða hafi málað á götuna fyrir framan bílinn þeirra: „ATH DÆS!!“ og „SNÍPUR“. Brotþola hafi verið tjáð að atvikið yrði bókað hjá lögreglu og hún hvött til að hringja ef ákærða kæmi aftur.

Þann 4. ágúst 2022 kl. 10:44 hafi D komið á lögreglustöðina en hún búi fyrir neðan brotþola. Hún hafi sagt að ákærða hefði birt myndband á Facebook þar sem fram kæmi nafn hennar og fjölskyldunnar á dyrabjöllu hússins við [...]. Hún kvaðst ósátt við að ákærða væri að birta nöfnin á Facebook. Lögregla bauðst til að ræða við ákærðu en hún kvaðst ekki vilja það sökum þess að hún óttaðist að fá ákærðu upp á móti sér.

Þann 6. september 2022 hafi brotþoli A óskað eftir aðstoð og sagt ákærðu vera komna fyrir utan að öskra fullt nafn brotþola B og með niðrandi ummæli gagnvart samkynhneigðum. Ákærða hafi verið farin af vettvangi þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kemur fram að 2. júlí 2022 kl. 21:29 hafi borist tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um ósætti milli nágranna að [...] en að fyrr um daginn hafi lögregla haft afskipt af ákærðu á vettvangi.

Í skýrslu rannsakara kemur fram að 2. júlí 2022 kl. 16:30 hafi borist tilkynning til lögreglu um að ákærða, væri að ryðjast inn til brotþola á [...], hún væri að lemja á dyr og rúður og hóta að skemma bifreiðar heimilisfólks. Lögreglumenn hafi farið á

vettvang, hitt ákærðu í annarlegu ástandi og fylgst með henni fara í burtu en hún hafi snúið við, sest fyrir framan bifreið brotabola og þóst vera sofandi. Lögregla hafi þá leitt ákærðu af vettvangi í átt að heimili hennar. Lögreglumenn hafi rætt við brotabola sem hafi sagt að áreiti af hálfu ákærðu hafi byrjað í apríl eftir að A hafi beðið ákærðu um að hirða hundaskít eftir hunda ákærðu og hafa þá í bandi. Síðan í apríl hafi ákærða ítrekað sýnt af sér ógnandi hegðun við brotabola, lýst inn í bifreið þeirra með vasaljósi, reynt að komast inn í hana, sýnt með handahreyfingum að hún ætli að skera þær á háls, barið á hurðina að sameign og reynt að komast þar inn, hótað þeim og hundum þeirra lífláti, skilið eftir poka með hundaskít á bifreið þeirra ásamt öðrum atvikum. Atburðarrás dagsins hafi verið sú að móðir brotabola A, C, hafi komið í heimsókn og séð ákærðu fyrir utan en C hafi þá hlaupið inn og lokað hurðinni en ákærða hafi elt hana og ítrekað bankað á hurðina og glugga. Því hafi þær hringt á lögreglu en sögðust hafa fengið sér eftirlitsmyndavél vegna þessarar hegðunar ákærðu.

Sama dag kl. 18:27 hafi brotaboli A aftur óskað aðstoðar lögreglu. Ákærða hafi verið komin aftur fyrir utan með öskur og leiðindi. Er lögregla kom á vettvang hafi ákærða verið farin en lögreglumenn hafi farið að heimili hennar og rætt við hana. Ákærðu hafi verið gefin fyrirmæli um að hún yrði handtekin ef hún færi aftur inn á lóðina hjá brotabolum. Ákærða hafi verið æst og sagst ítrekað vilja drepa brotabola. Er atvikum lýst nánar í upplýsingaskýrslu lögreglu vegna hótana ákærðu dagsett 26. ágúst 2022, en samkvæmt henni hafi borist tilkynning kl. 18:27 um að ákærða væri að áreita nágretta sína. Lögreglumenn hafi reynt að tala við ákærðu og segja henni að fara ekki inn á lóðina hjá brotabola og láta hana í friði. Ákærðu hafi verið tjáð að hún hafi fengið fyrirmæli í fyrri afskiptum um að fara ekki aftur að tala við brotabola sem hún hafi ekki sinnt. Ákærða hafi svarað því og sagt orðrétt „ég sagði að ég ætlaði að drepa hana, ég fór ekkert að tala við hana“ og haldið áfram ítrekað að segjast vilja drepa hana. Ákærða hafi greinilega átt við brotabola. Ákærða hafi neitað að hafa verið á lóð brotabola og sagt orðrétt „þess vegna langar mig til að drepa hana ég get alveg sagt við hana að mig langi til að drepa hana“. Lögreglumenn hafi reynt að segja ákærðu að fara ekki þangað aftur en ákærða hafi sagt orðrétt „það er ekkert ólöglegt að segja að ég vilji kála henni“, „ég er bara að segja henni að ég vilji kála henni“, „er ekkert tjáningarfrelsi hérna“. Við frekari ítrekun lögreglu um að ákærða ætti ekki að fara til brotabola hafi ákærða sagt orðrétt „ég er alveg til í að segja henni að hún sé réttdráp [sic]“. Ákærða hafi áfram sagst vilja drepa hana. Síðar í skýrslunni kemur fram að ákærða hafi sagt að hún væri ekki að meina að

hún vildi drepa hana en hún sér að „terrorisera“ hana. Þá segir að þriðja tilkynning hafi borist sama dag en brotaþoli hafi sagt ákærðu vera með áframhaldandi hótanir og nú hafi hún sparkað í bifreið hennar

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að 2. júlí kl. 21:29 hafi borist tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) um ósætti á milli nágretta að [...]. Lögregla hafi farið að [...] og tjáð ákærðu, sem hafi verið í annarlegu ástandi, að hún hafi fengið skýr fyrirmæli um að ef áreiti gagnvart nágretta hætti ekki yrði hún handtekin. Ákærða hafi sagt lögreglu að „fokka sér“ og skellt hurðinni. Við hafi tekið samræður milli ákærðu og lögreglu gegnum hurð en ákærða sagt að ef hurðin yrði opnuð myndi hún koma á móti þeim með stóran hníf. Stuttu síðar hafi ákærða sést ganga inn í eldhús og heyrst hljóð í hnífapörum, þá hafi verið óskað eftir aðstoð sérsveitar sem hafi komið á vettvang. Hafist hafi viðræður við ákærðu og síðan óskað eftir að samningamaður FMR hringdi í ákærðu til að fá hana til að koma óvopnaða út en hún hafi slitið samtalinu eftir nokkrar mínútur án þess að gera sig líklega til að fara að fyrirmælum lögreglu. Þá hafi verið tekin ákvörðun um handtaka ákærðu, hurðin brotin upp og ákærða handtekin.

Brotaþolar lögðu fram formlegar kærur á hendur ákærðu hjá lögreglu þann 8. ágúst 2022. Ekki er talin ástæða til að rekja efni þeirra nema að því leyti er varðar niðurstöðu málsins.

Samkvæmt staðfestri upplýsingaskýrslu lögreglu dagsett 9. september 2022, voru á USB kubbi sem brotaþolar afhentu lögreglu við kærur þann 8. ágúst sama ár, 16 myndbandsupptökur af ákærðu fyrir utan hús brotaþola að [...], frá og með 16. apríl 2022 til og með 4. ágúst sama ár. Í skýrslunni er því lýst sem fram kemur á öllum upptökunum og er augljóst á þeim flestum að um ákærðu er að ræða. Einnig voru á kubbum tvær myndir af skítapoka á bifreið brotaþola og tvær myndir fyrir utan heimili brotaþola þar sem orðið „SNÍPUR“ er skrifað stórum hvítum stöfum fyrir framan bifreið þeirra og „ATH DÆS!!“ á götuna með ör að húsi brotaþola. Í gögnum málsins er einnig mynd af miða sem brotaþolar fengu inn um lúguna þann 4. ágúst 2022 sem á stendur „MUN ALDREI VILJA RÍÐA ÞÉR“. Meðal gagna málsins er DASS reikniformúla lögð fyrir brotaþola A þann 10. ágúst 2022 af sálfræðingnum E. Þá liggja fyrir yfirlýsingar dagsettar 19. september 2022 undirritaðar af ákærðu þar sem hún skuldbindur sig til að koma ekki nálægt heimili brotaþola, veita þeim ekki eftirför eða setja sig í samband við þær í 12 mánuði.

Vitnin C og D gáfu lögregluskýrslu en ekki þykir ástæða til að rekja efni þeirra nema að því leyti er varðar niðurstöðu málsins.

II.

Framburður ákærðu, brotþola og annarra vitna fyrir dómi

Ákærða kaus að nýta rétt sinn til að tjá sig ekki um sakarefnið við aðalmeðferð málsins og gaf því ekki skýrslu fyrir dómi.

Brotþoli, B, kvað meint umsáturseinelti hafa byrjað með því að brotþoli A hafi beðið ákærðu um að taka hundaskít úr garðinum og hafa hunda í bandi. Í kjölfarið hafi ákærða setið um þær m.a. á lóðinni og sagst ætla að gista í garðinum hjá þeim. Ákærða hafi oft hótad þeim lífláti, bæði þegar lögregla var á staðnum en einnig með látbragði fyrir utan gluggann, eins og hún ætlaði að skera þær á háls. Ákærða hafi einnig hótad að drepa hunda brotþola. Brotþoli kvaðst aðspurð minna að ákærða hafi reynt að komast inn til þeirra í þrjú skipti. Í fyrsta skiptið hafi þær ekki verið með myndavél, þær hafi þá hringt í lögreglu en ákærða hafi barið á hurðina. Ákærða hafi svo komið um nótt og reynt að opna. Ákærða hafi öskrað mikið fyrir utan húsið og sagt m.a. að þær ættu að drepa sig, væru lessur og tussur. Eitt kvöldið hafi ákærða öskrað fullt nafn brotþola og sagt „I will kill you“. Ákærða hafi reynt að komast inn í bifreið móður brotþola A, C, og sagt henni að drepa sig. Ákærða hafi nokkru síðar hlaupið á eftir C, gargað á hana og reynt að komast inn en C hafi náð að hlaupa upp og læsa. Ákærða hafi málað á götuna fyrir framan bifreið þeirra að nóttu til orðin „SNÍPUR“ með hástöfum og hvítri málningu og „ATH DÆS“, sem sé niðrandi orð yfir samkynhneigða. Miði sem á hafi staðið „Ég mun aldrei vilja ríða þér“ hafi komið inn um lúguna hjá þeim, sem brotþoli kvaðst telja að ákærða hafi skrifað. Ákærða hafi margoft sest og lagst niður í innkeyrslunni hjá þeim fyrir framan bifreið þeirra, m.a. til að þær kæmust ekki í burtu. Ákærða hafi oft sett hundaskít í poka ofan á bifreið brotþola og ruslatunnu og fyrir slysi ofan á bifreið nágranna þeirra D. Ákærða hafi lagst á og sparkað í bifreið þeirra, gefið olnbogaskot í hliðarspegil, nuddað hátalara á þak bifreiðarinnar og rispað bílinn á hliðinni. Brotþola kvaðst hafa liðið mjög illa, hafa misst matarlyst, ekki þorað að gista ein heima og gist hjá tengdamóður sinni. Þær hafi verið í stöðugum ótta og ekki þorað að fara út með hundana. Brotþoli A hafi þurft að fara til sálfræðings og fara á lyf vegna kvíða og svefnleysis. Þær hafi flutt í að ráði lögreglu því ekki hafi verið unnt að tryggja öryggi þeirra og til að þær fengju hugarró. Ákærða hafi komið þegar þær voru að flytja í ágúst eða september og staðið mjög nálægt þeim en ekkert sagt, líklega til að ögra þeim.

Brotapoli kvaðst hafa náð í nágranna á móti meðan þær hafi hringt í lögreglu, því þær hafi ekki vitað hvað ákærða myndi gera. Þær séu þrátt fyrir flutning alltaf á varðbergi.

Brotapoli, A, kvað áreitið hafa byrjað með því að hundar ákærðu hafi komið lausir inn á lóðina, hún hafi beðið ákærðu um taka þá og orðið einhver ágreiningur. Ákærða hafi síðan setið fyrir utan öskrandi, hótað að drepa hundana þeirra en mestmegnis hafi ákærða hótað að drepa brotþola. Ákærða hafi setið um heimilið, skoðað inn í bifreið og sett á hana poka með hundaskít, einnig á lóðina og ofan á ruslatunnuna til að valda brotþolum óþægindum. Ákærða hafi einnig komið á næturnar og öskrað sem hafi valdið svefnleysi hjá brotþolum og vakið hundana þeirra. Ákærða hafi sent þeim fokkmerki, dregið fingurinn þvert yfir hálsinn á sér eins og hún vildi drepa þær. Ákærða hafi a.m.k. tvívegis reynt að sparka upp útidyrhurðinni niðri. Ekki hafi verið mögulegt að setja myndavél þar. Ákærða hafi komist að því síðar að brotþolar væru samkynhneigðar en þá hafi áreitið versnað mikið, ákærða hafi öskrað á þær „helvítis lesbíur, ógeð“ og fleiri ókvæðisorð. Brotapoli kvaðst upplifa ummælin „SNÍPUR“ og „DÆS“ með ör að húsi brotþola, sem ákærða hafi málað á götuna fyrir framan bifreið, sem hómófóbíu. Brotapoli kvað móður sína tvívegis hafa verið áreitta af ákærðu. Í annað skiptið hafi ákærða reynt að brjótast í bifreið hennar og sagt henni að hún ætti að drepa sig. Brotapoli kvað miða með orðunum „Ég mun aldrei vilja ríða þér“ hafa komið til þeirra sama dag eða stuttu eftir að ákærða hafi komist að því að brotþolar væru þar. Þær hafi sett upp myndavél eftir annað útkall lögreglu að ráði lögreglunnar. Brotapoli kvað hegðun ákærðu hafa valdið sér mikilli vanlíðan, hún hafi farið til sálfræðings, verið greind með [...] og kvaðst enn glíma við [...]. Hún hafi þurft að [...] vegna svefnleysis og hræðslu. Brotapoli kvað þær hafa flutt að ráði lögreglu til að losna undan áreitinu. Brotapoli kvað bifreið sína hafa rispast af völdum ákærðu og valdið tjóni sem hafi verið metið af bifreiðaverkstæði. Sést hafi á upptökum hvernig ákærða hafi nuddað sér utan í bifreiðina.

Vitnið C, móðir brotþola A, kvaðst hafa verið heima hjá brotþolum á laugardegi, séð ákærðu við bifreið sína og farið út til að tala við hana, en ákærða hafi sagt við sig að hún ætti að drepa sig. Hún hafi flýtt sér inn því augljóslega hafi ekki verið unnt að ræða við ákærðu, sem hafi komið á eftir sér. Um þremur vikum síðar hafi hún komið aftur á laugardegi, ákærða hafi þá komið og kallað á hana en hún hafi ekkert talað við ákærðu því hún hafi verið smeyk. Ákærða hafi staðið allan daginn fyrir utan gluggann og öskrað að hún ætti að tala við sig. Hún kvaðst ekki hafa þorað að fara út í bifreiðina fyrr en eftir

að lögregla hafi verið komin á staðinn. Þetta hafi verið einu skiptin sem hún hafi sjálf haft samskipti við ákærðu. Brotþolar hafi sagt sér að ákærða hafi sett hundaskít í poka ofan á bílinn og verið fyrir utan að kalla á þær m.a. að næturlagi og sæti stundum á götunni. Þær hafi oft gist hjá sér vegna áreitiss ákærðu og þær hafi ekki viljað vera einar heima. Áhrif á báða brotþola hafi verið mjög mikil og þær verið bugaðar af stressi. Í eitt skipti hafi brotþoli B komið til sín með ekka og í áfalli eftir að ákærða hafi verið búin að skrifa á götuna í áberandi hvítum lit. Brotþoli A hafi verið með [...] en upplifað enn meiri [...], hún hafi ekki sofið og þetta haft mikil áhrif á hana. Brotþolar hafi flutt til sín í ágúst vegna málsins en þjáist enn af kvíða því þær óttist að ákærða geti komið. Hún kvaðst muna atvik með svipuðum hætti og þegar hún gaf lögregluskýrslu.

Vitnið D kvaðst búa á neðri hæð að [...] en hafa verið erlendis tvívegis í tvær til þrjár vikur á því tímabili sem málið varðar. Hún kvaðst hafa orðið vitni að hávaða og þegar ákærða hafi komið í eitt skipti og sest fyrir framan bifreið brotþola. Hún hafi þá farið út og rætt við ákærðu, sem hafi sagst vilja klára málið við brotþola. Hún hafi þá hringt í lögregluna því lögreglan hafi ráðlagt það. Hún kvaðst hafa heyrt hróp og köll ákærðu frá götunni einhverja nóttina um sama leyti og hafa séð málninguna á götunni en hún kvaðst ekki hafa séð hver hafi staðið að verki. Hún kvað hund ákærðu hafi komið á lóðina til að gera þarfir sínar og ákærða hafi tekið skítinn, sett í poka og á bifreið brotþola. Í eitt skipti hafi verið hundaskítur á bifreið hennar en þá hafi hún skilað skítinum til ákærðu og spurt hvort það væri einhver ástæða fyrir þessu en ekki fengið góðar viðtökur. Daginn eftir hafi ákærða hringt og beðist afsökunar því hún hafi farið bílavillt, þetta hafi ekki verið ætlað henni heldur brotþolum. Hún kvaðst hafa sagt við ákærðu hvort þetta væri ekki komið gott því það væri svolítið ónæði en það hafi ekki náð lengra. Hún kvað brotþola hafa verið mjög óruggar vegna áreitissins og verið hræddar. Ákærða hafi einnig komið upp að húsinu og tekið upp myndband og birt á Facebook þar sem fram hafi komið nafn sitt og fjölskyldu á dyrabjöllunni. Hún kvaðst ekki geta haft eftir það sem ákærða hafi sagt á myndbandinu, því hafi ekki verið beint að sér en ákærða hafi verið að leita að nafni annars brotþola. Hún hafi rætt þetta við ákærðu sem hafi fjarlægt myndskaiðið af Facebook. Hún kvað brotþola hafa rætt við sig um að læsa útidyrhurðinni vegna ákærðu en hún hafi áður verið ólæst og þær hafi sýnt sér myndir af hundaskít á bifreið sinni. Hún kvaðst halda að hún hafi munað atvik betur þegar hún gaf lögregluskýrslu.

Vitnið lögreglumaður F, sem staðfesti skýrslur sínar í málinu, þ.m.t. skýrslu rannsakara, kvaðst hafa tekið við rannsókn málsins eftir að brotapolar lögðu fram kæru, og hafa tekið skýrslur af brotapolum, yfirheyrt vitni og sakborning. Brotapolar hafi afhent lögreglu USB lykil með upptökum úr eftirlitsmyndavél sem þær hafi verið með heima hjá sér og upptökum úr síma.

Vitnið lögreglumaður G, sem staðfesti skýrslu sína í málinu, kvaðst hafa verið viðstödd skýrslutöku af vitni og hafa horft á og skrifað upplýsingaskýrslu af öllum myndbandsupptökum vegna málsins.

Vitnið, lögreglumaður H, sem staðfesti skýrslu sína í málinu, kvað lögreglu hafa haft afskipti af ákærðu fyrr sama dag þann 2. júlí 2022, en þá hafi ákærða fengið skýr fyrirmæli um að ef kalla þyrfti lögreglu aftur á vettvang yrði ákærða handtekin. Ákærða hafi haldið uppteknum hætti og lögregla hafi því farið og talað við tilkynnanda sem hafi verið húsráðandi á heimili sem ákærða hafi herjað á, krotað á götu, bifreið rispuð og fleira í þeim dúr. Vitnið kvaðst hafa séð að búíð var að sprejja með hvítri málningu á götuna fyrir framan hús tilkynnanda einhver orð og setja poka með saur á bílinn. Vitnið kvaðst hafa skoðað myndir á sínum tíma og haft eftir öðrum lögreglumönnum það sem fram komi í skýrslunni en aðkoma vitnisins hafi verið að ræða við ákærðu á hennar heimili. Aðrir lögreglumenn hafi verið á vettvangi við heimili tilkynnanda, sem hafi verið ljósmyndaður. Lögregla hafi farið að heimili ákærðu og rætt við hana en hún hafi sagt þeim að eiga sig og skellt hurðinni. Þá hafi komið fyrirmæli um handtöku ákærðu og lögregla bankað aftur. Ákærða hafi sagt að hún væri með stóran hníf ef lögregla kæmi inn, eftir stutt samtal í gegnum glerrúðu á útidyrhurð. Ákærða hafi ítrekað fengið fyrirmæli um að koma sjálfviljug út sem hún hafi ekki orðið við. Hún hafi farið inn í eldhús og gramsað í skúffum og þá hafi lögreglan farið að eldhúsinu og sagt að málið væri orðið alvarlegra ef hún væri vopnuð. Aðalvarðstjóri hafi tilkynnt að búíð væri að kalla út sérsveitina og lögreglumenn á staðnum ættu að bakka. Samningamaður hafi rætt við ákærðu án árangurs og sérsveitin hafi þá farið inn. Í kjölfarið hafi verið farið með ákærðu á [...] en síðan hafi ákærða verið vistuð í klefa.

Vitnið, lögreglumaður I, sem staðfesti skýrslu sína í málinu, kvaðst hafa farið í eitt af útköllum málsins og hafa ritað upplýsingaskýrslu um hótanir. Vitnið kvaðst muna eftir að ákærða hafi sagt í allnokkur skipti að „hún ætlaði að drepa hana“ og greinilega átt við nágranna og hafi verið æst og reið.

Vitnið E, sálfræðingur, kvað brotþola A hafa komið [...] og svo í eitt viðtal 10. ágúst 2022. Í síðastnefnda viðtalinu hafi verið komið bakslag vegna áreitiss og ofbeldis sem brotþoli hafi upplifað af hálfu nágrannakonur. Vitnið kvaðst hafa gert skjal með titlinum [...] í ágúst sl. vegna mikillar vanlíðan brotþola en listinn hafi verið lagður fyrir brotþola til að meta alvarleika tilfinningavanda svo brotþoli fengi lækniástoð en hún hafi verið mjög [...]. Niðurstöður hafi sýnt mjög alvarleg [...]. Vitnið kvað einkennin, samkvæmt frásögn brotþola, hafa alfarið tengst nágrannamálinu, en það hafi heltekið brotþola sem hafi ekki getað unnið og tekið alla hennar orku. Það hafi valdið [...].

III.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt ákærulið A. er ákærða ákærð fyrir umsáturseinelti gagnvart brotþolum með því að hafa á tímabilinu 14. apríl 2022 til 6. september sama ár, endurtekið hótáð, fylgst með, sett sig í samband við og setið um brotþola, fyrir utan heimili þeirra að [...], gegn þeirra vilja, auk þess að hafa hrellt þær og niðurlægt með öðrum hætti, allt eins og nánar greinir í undirliðum A.I. til A.XII. í ákæru. Háttsemi ákærðu hafi verið til þess fallin að valda brotþolum hræðslu og kvíða.

Eru brot ákærðu í ákærulið A, sbr. undirliði A.I.-A.XII., í heild sinni talin varða við 232. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum að endurtekið hótá, elta, fylgjast með, setja sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti sitja um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða.

Ákærða hefur neitað sök vegna allra ákæruliða og hafnað bótakröfum. Ákærða nýtti rétt sinn til að tjá sig ekki um sakarefnið við aðalmeðferð málsins.

Af þeim 16 myndskaiðum sem liggja fyrir í málinu og ná yfir tímabilið 16. apríl til og með 4. ágúst 2022, voru 12 spiluð við upphaf aðalmeðferðar. Var efni þeirra í samræmi við upplýsingarskýrslu lögreglu dagsett 6. september 2022. Er af hálfu dómsins fallist á það mat lögreglu sem þar kemur fram, að í öllum upptökum sé um ákærðu að ræða þó ekki sé hægt að greina með fullri vissu á þeim öllum að svo sé vegna myrkurs. Sá aðili sem sést er alltaf með hund og líkist ákærðu auk þess að sýna sömu hegðun og liggur fyrir á öðrum upptökum.

Eins og að framan er rakið er það skilyrði 232. gr. a að endurtekin háttsemi sé til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða. Kom fram hjá brotþolum og vitnunum C og D,

fyrir dómi að brotapolar hafi upplifað mikla hræðslu og óöryggi vegna áreitiss ákærðu, sem einnig hafi valdið þeim svefnleysi og kvíða enda hafi ákærða einnig komið að nóttu til og vakið þær með hrópum og köllum auk þess að hafa reynt að komast inn í húsið.

Er það mat dómsins að framburðir brotapola fyrir dómi séu trúverðugir en þeir voru í fullu samræmi við allar tilkynningar um meint áreiti ákærðu til lögreglu og upplýsingar sem þær gáfu lögreglu á vettvangi þann 2. júlí 2022 auk þess að vera í samræmi við kæruskýrslur þeirra hjá lögreglu 8. ágúst sama ár. Framburðir vitnanna D, nágranna brotapola og C, móður brotapola A, eru að sama skapi metnir trúverðugir þrátt fyrir tengsl vitnisins C við báða brotapola, en framburði beggja vitna voru einnig að langmestu leyti í samræmi við skýrslur þeirra hjá lögreglu auk þess að vera í samræmi við framburði brotapola. Þar sem ákærða kaus að gefa ekki skýrslu fyrir dómi liggja aðeins fyrir lögregluskýrslur sem teknar voru af ákærðu vegna málsins þann 3. júlí 2022 og 19. september sama ár.

Ákæruliðir A.I -A.VIII.

Sú háttsemi ákærðu sem tilgreind er í ákæruliðum A.I.-A.VIII. er talin hafa gerst einhvern tímann á tímabilinu 14. apríl til 6. september 2022. Háttsemi ákærðu samkvæmt lið A.I. er að hafa komið að heimili brotapola og ýmist skyggst inn í bifreið þeirra [...], lýst inn í bifreiðina, tekið myndir af bifreiðinni og inn í bifreiðina, sett hátalara ofan á bifreiðina, tekið mynd af heimili þeirra, gengið að útidyrhurðinni, tekið í hurðarhún, barið á glugga, tekið mynd af dyrabjöllunni og bæði sest niður og lagst í innkeyrsluna og fyrir framan bifreið þeirra. Samkvæmt lið A.II. er ákærða sökuð um að hafa ítrekað sett hundaskít í poka á bifreið brotapola, sem og ofan á ruslatunnu fyrir utan heimili þeirra. Samkvæmt lið A.III. er ákærða sökuð um að hafa ítrekað hóttað brotapolum lífláti, bæði með orðum og eins með látbragði er beint var að þeim, nánar tiltekið er ákærða dró vísifingur yfir háls sinn. Samkvæmt lið A.IV. hafi ákærða hóttað að drepa hunda brotapola og samkvæmt lið A.V. hafi ákærða ítrekað sagt brotapolum að drepa sig. Samkvæmt lið A.VI. hafi ákærða ítrekað öskrað á brotapola, gefið þeim fingurinn og viðhaft meiðandi ummæli í þeirra garð, m.a. kallað þær „tussur“, „lessur“ og „ógeðslegar lesbíur“. Samkvæmt lið A.VII. hafi ákærða sagt í eitt skipti við brotapola að hún ætlaði að gista í garðinum þeirra. Samkvæmt lið A.VIII. hafi ákærða í eitt skipti, er móðir brotapola A, C, kom akandi að heimili brotapola, reynt að komast inn í bifreið hennar og sagt henni að drepa sig.

Eins og rakið er að framan liggja fyrir í málinu upptökur úr öryggismyndavél á heimili brotaþola, þar sem ákærða sést vera á gangi við heimili brotaþola, að skyggast inn í bifreið brotaþola eða lýsa inn í hana, taka mynd inn í bifreiðina og af húsi brotaþola. Má sjá slíka háttsemi ákærðu m.a. á upptökum frá 17. apríl, 1. júní, 16. júlí og 17. júlí auk þess sem brotaþolar hafa báðar borið um slíka háttsemi ákærðu, svo og aðra háttsemi sem lýst er í þessum ákæruliðum. Á upptöku 2. júlí sést ákærða setja hátalara ofan á þak bifreiðar brotaþola. Á upptöku 14. júní sést ákærða ganga að útidyrhurðinni að [...]. Þá bar nágranni brotaþola, D, fyrir dómi, að ákærða hafi tekið mynd af dyrabjöllunni og birt á Facebook. Hún kvaðst einnig hafa séð ákærðu sitja fyrir framan bifreið brotaþola og brotaþola hafa rætt við sig um að læsa útidyrhurðinni vegna ákærðu en hún hafi áður verið ólæst. Þá bar hún um að ákærða hafi sett hundaskítspoka ofan á sína bifreið vegna mistaka en pokann hafi ákærða ætlað að setja ofan á bifreið brotaþola. Einnig að hundur ákærðu hafi komið á lóðina til að gera þarfir sínar og ákærða hafi tekið skítinn, sett í poka og á bifreið brotaþola. Á upptöku 22. júlí sést ákærða leyfa hundi sínum að skíta í garðinn við [...], taka skítinn upp, setja í poka og henda pokanum á bifreið brotaþola. Vitnið C, bar að brotaþolar hafi greint sér frá því að ákærða hafi sett hundaskít í poka ofan á bílinn og sæti stundum á götunni. Hún kvaðst hafa verið í heimsókn hjá brotaþolum, séð ákærðu við bifreið sína og farið út til að tala við ákærðu, sem hafi sagt við sig að hún ætti að drepa sig. Þá kom fram í lögregluskýrslu sem tekin var af vitninu D, í ágúst 2022 að hún hafi heyrt ákærðu öskra „tussur“ og „lessur“ aðfararnótt 4. ágúst 2022 en hún bar fyrir dómi að hún hafi munað atvik betur þegar hún gaf lögregluskýrslu. Verður því lagt til grundvallar að vitnið hafi heyrt ákærðu öskra orðin að brotaþolum.

Ákærða kvaðst í lögregluskýrslu vegna málsins 19. september 2022, vel hafa getað sagt í apríl, beðin um að taka upp hundaskít eftir hundinn sinn í garði að [...], að hún ætlaði að gista í garðinum þó hún muni ekki eftir því. Ákærða kvaðst hafa farið heim þann dag en komið aftur og bankað á hurðina hjá brotaþolum, en ákærða kvaðst í lögregluskýrslu 3. júlí hafa bankað hjá brotaþolum fyrir einhverjum vikum. Þá kvaðst hún hafa skyggast inn í bifreið brotaþola og hafa sest á götuna í innkeyrslu við heimili þeirra. Þá játaði ákærða að tekið mynd af dyrabjöllu brotaþola. Ákærða kvaðst tvívegis hafa sett hundaskít í poka á bifreið brotaþola og fjórum sinnum á ruslatunnu en ákærða viðurkenndi einnig í skýrslutöku lögreglu 3. júlí að hafa tvívegis sett hundaskít í poka á bifreið brotaþola. Ákærða kvaðst hafa setið á götunni við bifreið brotaþola þann 2. júlí 2022 og spurð hversu oft ákærða hefði gert það kvaðst ákærða hafa gert það tvisvar en

ákærða viðurkenndi einnig í lögregluskýrslu 3. júlí að hafa sest fyrir framan bifreiðina. Ákærða viðurkenndi að hafa sett hátalara upp á þak bifreiðarinnar. Aðspurð um atvik 17. júlí 2022 um að ákærða hafi verið að kíkja inn í bifreið brotaþola og tekið myndir inn í húsið, viðurkenndi ákærða hafa tekið mynd af húsinu og kvaðst hafa tekið spegilmynd af sjálfri sér í rúðunni á bílnum. Ákærða viðurkenndi í lögregluskýrslu að hafa dregið vísifingur þvert yfir hálsinn á sér en kvaðst hafa verið að segja brotaþolum að hætta með því látbragði og ekki hafa meint það sem hótun um að skera brotaþola á háls.

Eins og hér hefur verið rakið liggja fyrir myndbandsupptökur af flestu í háttsemi ákærðu sem henni er gefið sök í ákærulið A.I. auk þess sem ákærða hefur viðurkennt háttsemina í lögregluskýrslum. Sama gildir um háttsemi ákærðu í ákærulið A.II. sem vitnið D staðfesti einnig. Varðandi ákærulið A.III. verður ekki önnur ályktun dregin af því látbragði að draga vísifingur yfir háls, en hótun um líflát eins og fram kemur í ákæru. Þá hafa báðir brotaþolar borið fyrir dómi að ákærða hafi ítrekað hótad þeim lífláti og verður það lagt til grundvallar og sama gildir um hótanir um að drepa hunda brotaþola, sbr. ákærulið A.IV.

Hins vegar báru brotaþolar ekki fyrir dómi eða í lögregluskýrslum að ákærða hafi sagt þeim að drepa sig og því verður lagt til grundvallar að ákærða hafi ekki við haft þá háttsemi sem ákært er fyrir í lið A.V.

Nágranni brotaþola, vitnið D, kvaðst hafa heyrt hróp og köll ákærðu frá götunni einhverja nóttina en kvaðst hafa munað atvik betur er hún gaf skýrslu hjá lögreglu en þar kvað hún ákærðu hafa kallað brotaþola „tussur“ og „lessur“. Brotaþolar báru ekki um fyrir dómi að ákærða hafi kallað þær „ógeðslegar lesbíur“ en í lögregluskýrslu af brotaþola B kemur fram að ákærða hafi viðhaft það orðbragð auk þess sem í lögregluskýrslu af brotaþola A kemur fram að ákærða hafi kallað þær „helvítis lesbíur“. Verður því lagt til grundvallar að ákærða hafi viðhaft þá háttsemi sem tilgreind er í ákærulið A.VI. Ákærða kvaðst í lögregluskýrslu 19. september, vel hafa getað sagt að hún ætlaði að gista í garði brotaþola, sbr. ákæruliður A.VII. og verða framburðir beggja brotaþola um þar að lútandi því lagðir til grundvallar. Þá liggja fyrir framburðir beggja brotaþola og vitnisins C um háttsemi ákærðu samkvæmt ákærulið A.VIII.

Ákæruliður A.IX.

Háttsemi ákærðu samkvæmt þessum ákærulið er sögð felast í því að laugardaginn 2. júlí 2022, er móðir brotaþola A, C, kom út úr bifreið sinni fyrir utan heimili brotaþola,

hafi ákærða öskrað á hana, kallað hana „helvítis tík“ og er móðir A hljóp inn í íbúðina og læsti á eftir sér, komið á eftir henni og reynt að komast inn.

C, móðir brotþola A, kvaðst fyrir dómi hafa komið til brotþola á laugardegi, ákærða hafi þá komið og kallað á hana en hún hafi ekkert talað við ákærðu því hún hafi verið smeyk og ekki þorað að fara út í bifreiðina fyrr en eftir að lögregla hafi verið komin á staðinn. Ákærða hafi staðið fyrir utan gluggann og öskrað að hún ætti að tala við sig. Í lögregluskýrslu 23. ágúst 2022 kvað vitnið ákærðu hafa öskrað á sig „helvítis tíkin þín viltu opna“ og „talaðu við mig“. Fyrir dómi kvaðst vitnið muna álíka vel eftir atvikum og við skýrslugjöf hjá lögreglu. Á upptöku 2. júlí má sjá ákærðu halla sér upp að bifreið móður brotþola A fyrir framan [...], öskra og veifa í átt að glugga brotþola og ganga að útidyrhurðinni. Er erfitt að heyra hvað ákærða segir nema „talaðu við mig“ og „þú þarft að tala við mig núna“ auk þess að „fokka“ í átt að gluggum hjá brotþolum. Verður því lagt til grundvallar að ákærða hafi viðhaft þá háttsemi sem tilgreind er í ákæruliðnum utan það að hafa kallað „helvítis tík“.

Ákæruliður A.X.

Háttsemi ákærðu samkvæmt þessum ákærulið er lýst svo að laugardaginn 2. júlí 2022, er lögregla hafði afskipt af ákærðu vegna margítrekaðs áreitis hennar í garð brotþola samkvæmt liðum A.I.-A.IX., ítrekað sagt við lögreglumenn að hún vildi „drepa hana“ og „kála henni“, auk þess að hafa sagt lögreglumönnum að hún hafi skömmu áður „sagst ætla að drepa hana“ en ákærða átti þar við brotþola A.

Upplýsingaskýrsla lögreglu dagsett 26. ágúst 2022 um atvik er rakin að framan þar sem háttsemi ákærðu er lýst eins og í ákæruliðnum. Skýrslan var staðfest af lögreglumanni I fyrir dómi sem kvaðst muna eftir að ákærða hafi sagt í allnokkur skipti að „hún ætlaði að drepa hana“ og greinilega átt við nágretta og hafi verið æst og reið.

Ákæruliður A.XI.

Háttsemi sú sem ákærðu er gefin að sök samkvæmt þessum ákærulið er að hafa miðvikudaginn 3. ágúst 2022, gengið að bifreið brotþola, sem stóð fyrir utan heimili þeirra og málað á götuna með stórum stöfum og hvítri málningu orðin: „SNÍPUR“ OG „ATH!! DÆS“.

Á myndbandsupptöku þann 3. ágúst 2022 sést ákærða ganga að bifreið brotþola með málningarfötu og pensil og sést ákærða skrifa orðið „SNÍPUR“ á jörðina fyrir framan bifreið þeirra. Ákærða sést einnig vera að taka upp það sem stóð á götunni. Í lögregluskýrslu 19. september 2022 viðurkenndi ákærða að hafa birt myndband á

Facebook af orðunum sem tilgreind eru í ákæru á götuna við [...], en neitaði að hafa málað þau. Er skriftin sú sama í báðum tilvikum og verður því lagt til grundvallar að um háttsemi ákærðu hafi verið að ræða í báðum tilvikum.

Ákæruliður A.XII.

Háttsemi sú sem ákært er fyrir samkvæmt þessum ákærulið er að ákærða hafi fimmtudaginn 4. Ágúst 2022, gengið að heimili brotþola og sett inn um bréfalúguna þeirra handskrifaðan miða sem á stóð: „MUN ALDREI VILJA RÍÐA ÞÉR“.

Á myndbandsupptöku frá 4. ágúst 2022 kl. 02:42 sést kona sem svipar mjög til ákærðu, með ljóst stutt hár, ganga að útidyráhurð að [...] með hvítan miða í vinstri hönd. Konan sést ekki í mynd við útidyráhurðina þar sem myndavélakerfið nær ekki að hurðinni. Skömmu síðar sést konan ganga til baka án miðans. Í lögregluskýrslu 19. september 2022 kvað ákærða skriftina á miðanum ekki vera ósvipaða sinni skrift en kvaðst ekki muna eftir að hafa skrifað miðann. Ákærða hefur viðurkennt að skrift á miðanum sé lík sinni skrift en að mati dómsins um sömu skrift að ræða og í þeim orðum sem ákærða skrifaði daginn áður, sbr. ákærulið A.XI. Þá er einnig lagt til grundvallar að um ákærðu sé að ræða á myndbandinu.

Ákærða byggir sýknukröfu sína á því að hegðun hennar hafi ekki falið í sér friðhelgisbrot gagnvart brotþolum eins og áskilið sé í 232. gr. a í almennum hegningarlögum, m.a. vegna þess að bifreið geti ekki talist vettvangur einkalífs og ákærða hafi aðeins bankað hjá brotþolum til að ná tali af þeim. Engar sannanir liggi fyrir um meintar líflátshótanir og látbragð feli slíkt ekki í sér. Brotþolar hafi ekki haft neina ástæðu til að óttast um öryggi sitt enda hafi verið um drykkjurous að ræða.

Ákvæði 232. gr. a var bætt við almenn hegningarlög með lögum nr. 5/2021 sem tóku gildi 12. febrúar 2021. Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að notað sé orðið umsáturseinelti sem þyki nokkuð lýsandi fyrir þann verknað að „sitja um“ manneskju í óþökk hennar og valda þannig hræðslu eða kvíða. Geti „umsátrið“ gengið svo langt að manneskja sem það beinist að upplifi ógn og skelfingu sem skerða lífsgæði hennar. Þá segir svo meðal annars í athugasemdum um ákvæðið sjálft: „Umsáturseinelti er hægt að hafa í frammi með ólíkum aðferðum sem seint verða tæmandi taldar. Þær algengustu eru taldar upp en orðin „eða með sambærilegum hætti“ eiga að tryggja að aðrar aðferðir sem beitt er og eru til þess fallnar að valda öðrum hræðslu eða kvíða falli undir ákvæðið. Aðferð sem beitt er við umsáturseinelti þarf ekki að fela í sér sjálfstæðan refsiverðan verknað heldur getur hegðun sem ein og sér er ekki

refsiverð orðið það ef hún er endurtekin. Háttsemin getur falist í því að fylgja eftir eða elta annan mann ítrekað, koma á samskiptum eða sambandi við annan mann í óþökk hans eða með því að láta annan mann vita að fylgst sé með honum. Í þessu felst t.d. að mæta í eigin persónu á vinnustað annars manns eða stað þar sem hann stundar íþróttir eða nám eða sinnir áhugamálum sínum eða fylgja honum eftir í netheimum, svo sem á spjallborðum eða netsamfélagsmiðlum. [...] Þá getur umsáturseinelti falist í að skemma eitur manns, skilja eftir ummerki um nálægð á persónulegum eignum hans eða jafnvel gæludýri. Í þeim tilvikum gæti háttsemin einnig átt undir 257. gr. almennra hegningarlaga um eignaspjöll. Umsáturseinelti getur beinst að manni sem gerandinn er í tengslum við sem og að bláókunnugum. Reynslan hefur sýnt að þeir sem hafa í frammi umsáturseinelti beina því ekki endilega eingöngu að tilteknum manni heldur til viðbótar að öðrum einstaklingum sem tengjast honum, eins og fjölskyldu, vinum eða samstarfsmönnum. Getur þetta leitt af sér hræðslutilfinningu, öryggisleysi og ótta um að missa stjórn á aðstæðum.“

Eins og sjá má af framangreindu er með ákvæði 232. gr. a í almennum hegningarlögum stefnt að því að ná yfir tilvik sem ekki þurfa að fela í sér hótanir heldur eru til þess fallin vegna endurtekningar að valda hræðslu og kvíða hjá viðtakanda. Er ákvæðinu ætlað að verja einstaklinga gegn því að þurfa að þola endurtekið að annar einstaklingur hafi samband í óþökk viðtakanda með svívirðingum eins og hér háttar.

Er það mat dómsins að háttsemi sú sem ákærða hafi haft í frammi gagnvart brotapolum sé bæði almennt til þess fallin að valda hræðslu og kvíða auk þess að fela í sér alvarleg friðhelgisbrot, án tillits til þess hvort þau verði talin fela í sér hótanir eða ekki. Er að mati dómsins augljóst að ákærða lét sér í léttu rúmi liggja þótt brotapolar hafi ítrekað kallað til lögreglu, sem hafi gefið skýrt til kynna að háttsemi ákærðu fæli í sér áreiti og ofsóknir. Svo einbeittur var brotavilji ákærðu að hún hélt áfram að áreita brotapola aftur þann 2. júlí 2022, eftir að lögregla hafði haft afskipti af henni tvívegis fyrir þann sama dag vegna tilkynninga brotapola og síðan áfram síðar í júlí og ágúst, allt fram til 6. september sama ár þegar brotapolí óskaði síðast eftir aðstoð lögreglu, en brotapolar neyddust til að flytja til að losna undan áreiti ákærðu.

Að mati dómsins verður ekki dregið í efa að háttsemi ákærðu hafi verið til þess fallin að valda báðum brotapolum hræðslu og kvíða, eins og þær lýstu báðar fyrir dómi. Vitnin D og C, báru einnig um sömu áhrif á báða brotapola vegna háttsemi ákærðu. Þá staðfesti sálfræðingur fyrir dómi að samkvæmt [...] sem lagður hafi verið fyrir brotapola

A í viðtali 10. ágúst 2022, hafi niðurstöður sýnt mjög alvarleg [...], sem hafi alfarið tengst málinu, sem hafi heltekið brotþola og valdið miklu bakslagi frá þeim árangri sem áður hafi náðst í meðferð.

Metur dómurinn það svo, eins og að framan er rakið við hvern ákærulið, þar sem háttsemi ákærðu hefur verið staðfest með myndbandsupptökum, vætti brotþola og annarra vitna, vitnisburði af hálfu lögreglu á vettvangi, auk þess sem ákærða viðurkenndi hluta ákæruatriða í skýrslum hjá lögreglu, að fyrir liggi sönnun um að ákærða hafi gerst sek endurtekið hótáð og sett sig í samband við brotþola gegn þeirra vilja eins og lýst er í A. kafla ákæru og ákæruliðum A.I.-A.IV og A.VI.-A.XII., utan að ekki liggur fyrir sönnun um að ákærða hafi kallað móður brotþola A „helvítis tík“ og háttsemin hafi verið til þess fallin að valda brotþolum hræðslu og kvíða. Ekki talið sannað að ákærða hafi gerst sek um háttsemi í ákærulið A.V.

Að framangreindu virtu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og eru brot ákærðu þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Ákærða hefur því gerst sek um brot gegn 232. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Samkvæmt B. lið ákæru er ákærðu gefin að sök eignaspjöll, með því að hafa laugardaginn 2. júlí 2022, fyrir utan [...], valdið skemmdum á bifreið [...], í eigu A, með því að nudda sér upp við bifreiðina og lemja í hliðarspegil með þeim afleiðingum m.a. að hlið bifreiðarinnar farþegamegin rispaðist, en skemmdir á bifreiðinni námu fjárhæð allt að 169.051 krónu. Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lögregla var þrívægis kölluð á vettvang að heimili brotþola vegna háttsemi ákærðu þann 2. júlí 2022, sbr. skýrslu rannsakara. Er lögreglu hafi borist þriðja tilkynningin kl. 21:28 hafi brotþoli A sagt að ákærða væri með áframhaldandi hótanir og nú hafi hún sparkað í bifreið hennar. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, er haft eftir brotþolum að ákærða hafi sett hátalara á þak bifreiðarinnar og rúllað honum fram og til baka og lamið í hliðarspegil farþegamegin. Í skýrslunni segir að sjá megi smávægilegar rispur á hlið bifreiðarinnar farþegamegin eftir að ákærða hafi gengið fram og til baka alveg upp við bifreiðina. Skýrslan var staðfest fyrir dómi af lögreglumanni H, sem kvað bifreið hafa verið rispaða er lögregla kom á vettvang. Þá sést ákærða á myndböndum

nudda sér utan í bifreiðina. Fyrir liggur í málinu tjónamat á bifreið brotþola [...], þar sem viðgerðarkostnaður er metinn að fjárhæð 169.051 króna. Að framangreindu virtu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og er brot ákærðu þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

V.

Samkvæmt C. lið ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa óhlýðnast fyrirmælum lögreglu, með því að hafa laugardaginn 2. júlí 2022, neitað að hlýða fyrirmælum lögreglumanna um að koma óvopnuð út af heimili sínu að [...], en ákærða hafði tjáð lögreglumönnum að ef hurðin yrði opnuð þá myndi hún koma á móti lögreglu með hníf. Er háttsemin talin varða við 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Eins og að framan greinir varðandi B. lið ákæru, fór lögregla að heimili ákærðu í framhaldi af þriðju tilkynningu brotþola um áreiti ákærðu þann 2. júlí 2022. Samkvæmt staðfestri frumskýrslu hafi ákærða sagt að ef hurðin yrði opnuð myndi hún koma á móti lögreglu með stóran hníf. Ákærða hafi verið í annarlegu ástandi og ósátt við lögreglu á vettvangi. Reynt hafi verið að fá ákærðu til að koma út óvopnuð. Bar lögreglumaður H fyrir dómi að ákærða hafi ítrekað fengið fyrirmæli um að koma sjálfviljug út og samningamaður rætt við hana án árangurs og sérsveitin hafi þá farið inn og handtekið ákærðu. Að framangreindu virtu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og er brot ákærðu þar réttilega heimfært.

VI.

Í málinu krefst brotþoli B miskabóta úr hendi ákærðu að fjárhæð 1.000.000 króna og brotþoli A krefst miskabóta úr hendi ákærðu að fjárhæð 1.000.000 króna og bóta vegna skemmda á bifreiðinni [...] í samræmi við tjónamat dagsett 24. ágúst 2022, eða samtals 1.169.051 króna, hvorutveggja ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. september 2022 til þingfestingardags en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt IV. kafla sömu laga, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærða hafi brotið gegn báðum brotþolum svo varði við 232. gr. a almennra hegningarlaga. Með hinni refsiverðu háttsemi sinni hefur ákærða bakað sér bótaábyrgð gagnvart báðum brotþolum á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og loks umfangi tjónsins. Ekki er neinum gögnum að dreifa varðandi brotþola B en fyrir liggur greining sálfræðings um alvarleg [...] varðandi brotþola A sem hafi verið afleiðing umsáturseineltisins. Að virtu broti ákærðu þykja miskabætur til handa brotþola B hæfilega ákvarðaðar 500.000 krónur og til brotþola A 600.000 þúsund krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunum fer svo sem í dómsorði greinir, en kröfurnar voru fyrst birtar verjanda ákærðu við þingfestingu málsins 11. janúar 2023.

Þá hefur ákærða verið sakfelld fyrir eignaspjöll á bifreið brotþola A. Verður ákærða því dæmd til að greiða henni bætur vegna viðgerða sem metnar hafa verið 169.051 króna auk vaxta og dráttarvaxta sem í dómsorði greinir.

V.

Ákærða er fædd [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 12. október 2022, hefur hún ekki áður sætt refsingu. Auk framangreinds verður litið til þess við ákvörðun refsingar að háttsemi ákærða olli brotþolum mikilli andlegri vanlíðan, sbr. 1. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni málsins og að teknu tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.

Á grundvelli sakfellingar ákærðu, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður henni gert að greiða allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Hauksdóttur lögmanns, sem að virtu umfangi máls og með hliðsjón af fyrirliggjandi tímaskýrslu þykir hæfilega ákveðin 813.564 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk 12.998 króna í aksturskostnað. Ákærðu verður einnig gert að greiða þóknun lögmanns beggja brotþola, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 572.508 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk 33.768 króna í aksturskostnað. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt hefur verið að ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærða, Björk Þóra Grétarsdóttir, (áður Þóra Björk Unnarsdóttir), sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur

árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði brotþola B 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. september 2022 til 11. febrúar 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt samkvæmt 1. mgr. 6. gr., frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði brotþola A 769.051 krónu ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. september 2022 til 11. febrúar 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Hauksdóttur lögmanns, 813.564 krónur og aksturskostnað verjanda 12.998 krónur.

Ákærða greiði þóknun lögmanns brotþola, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, 572.508 krónur og aksturskostnað lögmanns, 33.768 krónur.

María Thejll